

stjórafélagsins Mjölnis að setja fram skýlausar kröfur, áður en þeir boðuðu til verkfallsins. Gegn andmælum stefnanda er ósann- að, að svo hafi verið gert.

Þegar af þessum ástæðum ber að taka til greina kröfu stefnanda um, að vinnustöðvun sú, sem Bifreiðastjórufélagið Mjöl- nírf hóf 17. apríl þ. á., sé ólögmæt gagnvart Ísbirninum h/f.

Rétt er að málskostnaður falli niður.

Með skírskotun til þess, sem nú hefur verið rakið, er ég sam- þykkur niðurstöðu meiri hluta dómsins.

### Sératkvæði Árna Guðjónssonar.

Ég tel, að stefndi hafi átt rétt á að krefjast þess, að stefnandi gerði við hann kjarasamning.

Kröfugerð stefnda, er fól í sér takmörkun á notkun eigin bifreiða stefnanda, tel ég samrýmast eðlilegum stéttarhagsmunum stefnda, enda eru slík ákvæði í gildandi kjarasamningum hlið- stæðra aðila.

Með vísun til þessa, tel ég, að sýkna beri stefnda af dómkröfum stefnanda í málinu og rétt sé, að stefnandi greiði stefnda máls- kostnað, kr. 10 þúsund.

Dómsorð mitt verður þannig:

Stefndi skal vera sýkn af kröfum stefnanda í máli þessu. Stefndi greiði stefnda málskostnað, kr. 10 þúsund.

Föstudaginn 1. júlí 1966.

Nr. 2/1966.

**Valentínus Guðmundsson**

(Páll S. Pálsson hrl.)

gegn

**Alþýðusambandi Íslands f. h. Landssambands  
vörubifreiðastjóra vegna Vörubilstjóra-  
félagsins Þróttar í Reykjavík**

(Ragnar Jónsson hrl.).

**Dómarar:**

Hákon Guðmundsson, Gunnlaugur E. Briem, Einar Arnalds,  
Einar B. Guðmundsson og Ragnar Ólafsson.

Stéttarfélagi eigi talið heimilt að beita verkfalli til stuðnings kröfu um það, að vinnuveitandi skuldbindi sig til þess að nota ekki eigin tæki. Sératkvæði.

### Dómur.

Mál þetta er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu 4. maí þ. á. af Valentinusi Guðmundssyni, Skipasundi 80, Reykjavík, vegna fyrirtækisins Steinefnis gegn Alþýðusambandi Íslands f. h. Landssambands vörubifreiðastjóra vegna Vörubílstjórafélagsins Þróttar í Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að verkfall, sem Vörubílstjórafélagið Þróttur hóf gegn stefnanda hinn 19. apríl s.l., verði dæmt ólögmaett.

Þá krefst stefnandi og málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Málavextir eru þessir:

Stefnandi máls þessa rekur fyrirtæki undir nafninu Steinefni. Er það einkaeign hans. Starfsemi þessa fyrirtækis er m. a. fólgin í mannvirkjagerð, svo sem að grafa upp húsgrunna, flytja á brott jarðveginn og fylla grunna á ný með mól og sandi til undirstöðu undir hús og aðrar byggingar. Þá á fyrirtækið efnisnámu að Hrisbrú í Mosfellssveit og rekur rauðamalarnámu í Krýsuvík. Selur það uppfyllingar- og undirstöðuefni úr námum þessum. Til reksturs síns notar stefnandi ýmis tæki, er hann á, svo sem jarðýtu, ýtuskóflu, loftpressu og krana. Til flutnings á efni kveðst hann eiga 4 bifreiðar. Eru tvær þeirra að heildarþyngd með hlassi 32.000 kg. hvor, en að hlassþyngd 20.675 kg. Þriðja bifreiðin er að heildarþyngd 13.380 kg., hlassþyngd 9.000 kg. og sú fjórða að heildarþyngd 6.100 kg. með 3.000 kg. hlassþyngd.

Auk þessara eigin tækja kveðst stefnandi þurfa að taka á leigu vörubifreiðar til notkunar í atvinnurekstri sínum og telur hann, að 15—20% af akstri fyrirtækisins fari fram með leigubifreiðum.

Stefnandi er ekki félagi í Vinnuveitendasambandi Íslands.

Vörubílstjórafélagið Þróttur, sem gert hefur kjarasamninga við Vinnuveitendasamband Íslands, síðast hinn 20. júlí 1961, og er sá samningur enn í gildi, að því undanteknu, að breytingar hafa verið gerðar á leigugjaldi, fór þess á leit við stefnanda með bréfi, dags. 6. apríl s.l., að hann gerði

kaup- og kjarasamning við Þrótt „samhljóða þeim samningi, er félagið hefur nú við Vinnuveitendasamband Íslands . . .“. Jafnframt sendi Þróttur stefnanda eintak af nefndum kjarasamningi.

Í bréfi þessu var stefnanda einnig tilkynnt, „að hafi samningar eigi tekizt fyrir kl. 24.00 þann 17. apríl n. k., hefur stjórn og trúnaðarmannaráð samþykkt að boða vinnustöðvun allra félagsmanna Þróttar hjá yður frá og með 18. apríl n. k.“.

Samningar tókust eigi, þrátt fyrir umleitanir í þá átt, er fram fóru næstu daga, eftir að verkfall Þróttar hófst. Höfðaði stefnandi því næst mál þetta, svo sem að framan er greint.

Ágreiningslaust er, að verkfallsboðun Þróttar hafi farið fram með lögmatum hætti.

Hins vegar telur stefnandi, að í kröfugerð Þróttar felist atriði, sem valdi því, að Þrótti sé óheimilt að fylgja henni eftir með verkfalli. Eru rök hans fyrir þeirri staðhæfingu þau, að í 3. gr. kjarasamnings þess milli Þróttar og Vinnuveitendasambands Íslands, sem Þróttur krefjist, að hann gerist aðili að, séu ákvæði, er takmarki rétt hans til notkunar eigin tækja í atvinnurekstri sínum. Bendir hann í því sambandi á það ákvæði 3. mgr. 3. gr., að verktökum í byggingariðnaði sé heimil notkun eigin bifreiða til flutnings á öllum vörum, sem séu hluti af verki því, sem tekið sé í ákvæðisvinnu nema 40% verksins eða meira sé akstur. Þetta ákvæði telur stefnandi valda því, að aðild hans að nefndum kjarasamningi mundi í mörgum tilfellum jafngilda því, að hann yrði að afsala sér eða takmarka að verulegu leyti notkun eigin tækja, en notkun þeirra sé einn höfuðþátturinn í starfsemi hans. Beiting verkfallsréttar af hálfu Þróttar til þess að knýja hann til slíkra samninga fái hins vegar eigi samrýmzt grundvallarreglum íslenzkra laga. Sé framangreint verkfall Þróttar af þessum ástæðum ólöglegt.

Þá hefur stefnandi látið að því liggja, að félagsmenn Þróttar séu öðrum þræði atvinnurekendur og geti félagið því ekki notið þess réttar, sem lög nr. 80/1938 veiti stéttarfélögum.

Stefndi hefur andmælt dómkröfum og rökstuðningi stefnanda. Byggir hann sýknukröfu sína á því, að verkfall Þróttar

sé samþykkt og boðað í fullu samræmi við ákvæði laga nr. 80/1938. Þróttur eigi rétt á því sem stéttarfélag að krefjast þess, að stefnandi, er sé atvinnurekandi og þurfi á þjónustu félagsmanna Þróttar að halda, gangi til samninga um kaup og kjör þeirra. Þetta hafi stefnandi ekki viljað gera og hafi Þróttur þá eigi átt annars úrkosta en að fylgja samningskröfu sinni fram með verkfalli. Ekki felist annað í þeirri kröfu en undirritun gildandi kjarasamnings Þróttar og Vinnuveitendasambands Íslands, og mótmælir stefndi því sérstaklega, að ákvæði 3. mgr. 3. gr. samningsins, sem að efni til hafi verið í kjarasamningi Þróttar í 17 ár, geti á nokkurn hátt leitt til þess, að dæma beri verkfallið ólöglegt, enda sé Vörubílstjórafélagið Þróttur tvímælaust stéttarfélag í merkingu laga nr. 80/1938 og njóti allra réttinda stéttarféлага samkvæmt þeim lögum.

Í dómi Félagsdóms 31. maí 1954 er svo mælt, að Vörubílstjórafélagið Þróttur, stefndi í máli þessu, sé stéttarfélag sjálfseignarvörubílfreiðastjóra og lúti ákvæðum laga nr. 80/1938 um stéttarfélag og vinnudeilur. Eru eigi í þessu máli gögn, er leiði til annarrar niðurstöðu.

Stefnandi rekur, svo sem áður er greint, starfsemi, sem svo er háttað, að hann, að eigin sögn, þarfnast leiguflutningabifreiða til flutnings á um það bil 15—20% af þeim akstri, sem til fellur í rekstri fyrirtækisins. Félagsmenn Vörubílstjórafélagsins Þróttar eiga þannig hagsmuni undir því, að félag þeirra nái samningum við hann um kjör sjálfeignarvörubílfreiðastjóra. Er nefndu félagi því rétt samkvæmt 5. og 14. gr. laga nr. 80/1938 að beita verkfalli gagnvart stefnanda í því skyni að fá framgengt kröfum sínum um kjarasamning við hann.

Kemur þá til álita sú málsástæða stefnanda, að í kröfugerð Vörubílstjórafélagsins Þróttar felist kröfuliðir, sem félaginu sé óheimilt að knýja fram samninga um með verkfalli.

Svo sem áður er rakið, hefur Þróttur krafizt þess, að stefnandi undirriti og gerist aðili að kjarasamningi félagsins við Vinnuveitendasamband Íslands. Í 3. mgr. 3. gr. þess samnings segir svo m. a.: „... verktökum í byggingariðnaði“ er „heimilt að flytja allar vörur, sem eru hluti af verki því,

sem tekið er í ákvæðisvinnu, nema 40% verksins eða meira sé akstur“.

Samkvæmt því, sem fram er komið í málinu og áður greinir, er rekstur stefnanda þess eðlis, að tilvísað ákvæði nefnds kjarasamnings getur leitt til þess, að stefnanda yrði í ýmsum tilvikum samningslega skylt að takmarka að verulegu leyti notkun eigin bifreiða í venjulegum rekstri fyrirtækis síns.

Með hliðsjón af grundvallarreglum laga, sbr. dóm Félagsdóms 10. marz þ. á., verður að skýra ákvæði laga nr. 80/1938 á þá lund, að Vörubílstjórafélaginu Þrótti sé eigi heimilt að beita reglum nefndra laga um verkföll til þess að knýja stefnanda til að semja sig undir slíka takmörkun á notkun eigin vörubifreiða í venjulegri starfrækslu sinni. Getur það eigi haggð þessari niðurstöðu, þótt Vinnuveitendasamband Íslands hafi með framangreindu samningsákvæði 3. mgr. 3. gr. samið á sig kvaðir í þessu efni, enda verður samningur um slíka kvöð eigi ólögmatetur eða ógildur að lögum, þótt Þrótti sé eigi talið heimilt að vinna að framgangi slíkrar kvaðakröfu með verkfalli.

Með hliðsjón af málavöxtum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

#### Dómsorð:

Stefnda, Vörubílstjórafélaginu Þrótti, er eigi heimilt að fylgja fram með verkfalli gagnvart stefnanda, Valentinusi Guðmundssyni, kröfu um þá takmörkun á notkun eigin bifreiða, sem felst í tilvitnuðum orðum 3. mgr. 3. gr. framangreinds kjarasamnings.

Að öðru leyti á stefndi að vera sýkn af kröfum stefnanda í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

#### Sératkvæði Ragnars Ólafssonar.

Í 14. gr. laga nr. 80 frá 1938 um stéttarfélag og vinnudeilur er stéttarfélagum heimilað að gera verkföll til að vinna að framgangi krafna sinna í vinnudeilum, um kaup og kjör félagsmanna sinna, samanber 5. gr. sömu laga.

Ákvæði 3. mgr. 3. gr. í kjarasamningi stefnda við Vinnuveitendafélag Íslands er mikilvægt fyrir kaup og kjör vörubilstjóra, enda hafa vinnuveitendur alltaf viðurkennt það. Stefnda er því heimilt að gera verkfall til að vinna að því, að stefnandi skrifi undir ofangreindan kjarasamning óbreyttan. Ber því að sýkna stefnda að öllu leyti af kröfum stefnanda.

Að öðru leyti er ég samþykkur dómsorði meiri hluta Félagsdóms.

Miðvikudaginn 13. júlí 1966.

Nr. 1/1966. **Alþýðusamband Íslands f. h. Sambands matreiðslu- og framreiðslumanna vegna Félags framreiðslumanna f. h. Friðjóns Gunnars Friðjónssonar**

(Gunnar Sæmundsson hdl.)

gegn

**Sambandi veitinga- og gistihúsaeygenda vegna Veitingahússins Nausts h/f**

(Jón Magnússon hdl.).

**Dómarar:**

Hákon Guðmundsson, Gunnlaugur E. Briem, Einar Arnalds, Einar B. Guðmundsson og Ragnar Ólafsson.

Uppsögn: Trúnaðarmanni sagt upp starfi á ólögmetan hátt.

### **Dómur.**

Mál þetta er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu, dags. 5. maí s.l., af Alþýðusambandi Íslands f. h. Sambands matreiðslu- og framreiðslumanna vegna Félags framreiðslumanna f. h. Friðjóns Gunnars Friðjónssonar gegn Sambandi veitinga- og gistihúsaeygenda vegna Veitingahússins Nausts h/f.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

- 1) að uppsögn Veitingahússins Nausts h/f, dags 28. marz þ. á., til Friðjóns Gunnars Friðjónssonar verði dæmd ógild,